

**SVERRIR THORSTENSEN
SNÆVARR ÖRN GEORGSSON**

**FUGLALÍF VIÐ HUNDATJÖRN
Í NAUSTAFLÓA
VORIÐ 2009**

**KÖNNUN GERÐ AÐ BEIÐNI
UMHVERFISNEFNDAR AKUREYRAR**



Hundatjörn í Naustaflóa. Ljósmynd: Sverrir Thorstensen 07.06.2009

AKUREYRI ÁGÚST 2009

EFNISYFIRLIT:

1	INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS	3
2	TALNINGARAÐFERÐIR	3
3	FUGLATAL	4
4	SAMANBURÐUR VIÐ TALNINGUNA 2008	7
5	LOKAORÐ	7
6	HEIMILDIR	8

1 INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS

Vorið 2009 var endurtekin talning á fuglum við Hundatjörn í Naustaflóa í samræmi við tillögu þar um í skýrslu yfir fuglalífið vorið 2008 (Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2008a).

Mikil breyting hefur orðið á svæðinu frá 2008 eftir að stífla var gerð austast og nyrst í flóanum (1. mynd). Hundatjörn hefur stækkað verulega og einnig er mun stærri hluti flóans nú blaut mýri. Stærð talningarsvæðisins var sem fyrr 0,01 km² (1 ha).




1. mynd. Nýi stíflugarðurinn í norðaustur horni Naustaflóa. Ljós. Sverrir Thorstensen 07.06.09

2 TALNINGARAÐFERÐIR

Fuglar voru taldir 7. júní. Við byrjuðum á því að telja og skrá alla fugla sem sáust úr fuglaskoðunarskýlinu vestan svæðisins. Síðan fórum við skipulega um þann hluta svæðisins sem fær var með svokallaða dósasnúru sem notuð var til að fæla upp varpfugla (sbr. Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2008b). Hettumáfar voru fældir upp og taldir. Fjöldi varppara fæst með því að margfalda fjölda fugla með 0,61 (sbr. Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1993). Fuglar og hreiður voru merkt inn á loftmynd (2. mynd). Hettumáfar voru ekki merktir inn á myndina, en hreiður þeirra voru öll í jöðrunum umhverfis tjörnina. Myndin sýnir ekki núverandi útlit svæðisins því hún var tekin áður en votlendið var endurheimt með stíflugörðum. Aðstæður til talningar voru með besta móti, stillt veður og nær heiðskírt.

3 FUGLATAL

Alls sáust 11 tegundir fugla og eru 10 þeirra væntanlega árvissir varpfuglar á svæðinu. Ólíklegt er að ein tegundin (tjaldur) verpi á svæðinu. Heildarfjöldi varppara var 44.



2. mynd. Fuglar í Naustaflóa 07.06.09.

Urtönd *Anas crecca*

Eitt hreiður með 7 eggjum fannst norðan við þverskurðinn nyrst, kvenfugl flaug upp úr grasi rétt austan við skýlið og karlfugl sást skammt frá. Fjöldi varppara var 2.

Stökkönd *Anas platyrhynchos*

Hreiður með 6 eggjum fannst vestan votlendisins norðarlega, kolla með 9 litla unga hélt til á tjörninni og 3 steggir sáust saman. Fjöldi varppara var 3.

Rjúpa *Lagopus mutus*

Einn karri var á óðali skammt frá skýlinu. Líklegt að hænna hafi verið lögst á hreiður. Fjöldi varppara var 1.

Tjaldur *Haematopus ostralegus*

Tveir tjaldar voru sofandi í miðju votlendinu allan þann tíma sem talning okkar stóð yfir (u.þ.b. 4 klst), en telja má ólíklegt að þeir verpi á svæðinu.

Heiðlóa *Pluvialis apricaria*

Ein heiðlóa sýndi óðalsatferli rétt sunnan við tjörnina. Líklegt er að makinn hafi legið á hreiðri í jaðri svæðisins. Fjöldi varppara var 1.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*

Alls fundust 6 hreiður, þar af eitt með 3 nýklöktum ungum (3. mynd). Auk þess fannst eitt óðalsbundið þar. Við merktum 3 unga og 2 fullorðna kvenfugla með merkjum frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjöldi varppara var 7.



3. mynd. Nýklaktir hrossagauksungar. Ljós. Sverrir Thorstensen 07.06.09

Jaðrakani *Limosa limosa*

Alls fundust 3 óðalsbundin pör á svæðinu. Fjöldi varppara var 3.

Spói *Numenius phaeopus*

Eitt óðalsbundið par hélt sig sunnan tjarnarinnar og hreiður með 4 eggjum fannst þar. Fjöldi varppara var 1.

Stelkur *Tringa totanus*

Alls sáu 4 óðalsbundin pör. Atferli eins parsins benti til þess að það væri með unga. Fjöldi varppara var 4.

Óðinshani *Phalaropus lobatus*

Eitt par var á tjörninni og telja má líklegt að það hafi orpið á svæðinu. Fjöldi varppara var 1.

Hettumáfur *Larus ridibundus*

Við talningu úr skýlinu sáu alls 13 hettumáfar á hreiðri en vegna þess hve gróðurinn var orðinn hávaxinn sáu ekki allir álegufuglarnir. Fuglarnir flugu allir upp þegar við nálguðumst varpið og reyndust þeir vera 35 talsins (4. mynd). Fjöldi varppara var 21.



4. mynd. Hettumáfur yfir Hundatjörn í Naustaflóa. Ljós. Sverrir Thorstensen 07.06.09

4 SAMANBURÐUR VIÐ TALNINGUNA 2008

Að þessu sinni sáum við hvorki grágæsir, rauðhöfða né þúfutittlinga, en þessar tegundir sáust í talningunni 2008. Eftir að gerðar voru ráðstafanir til að hindra vatnsstreymi út úr flóanum er hann væntanlega orðinn allt of blautur fyrir þúfutittlinga, en grágæsir og rauðhöfðar ættu enn að geta orpið á svæðinu. Nýjar tegundir frá 2008 eru heiðlóa, spói og óðinshani. Skógarprestir, auðnutittlingar og músarrindlar verpa enn sem fyrr í skógarreitum við Naustaflóa og meðan á talningu okkar stóð heyrðum við í öllum þessum fuglum syngjandi á óðulum. Gera má ráð fyrir því að þeir sækji fæðu í votlendið fyrir unga sína. Einnig heyrðum við í glókolli við stíginn vestan svæðisins.

5 LOKAORÐ

Talningin nú gefur nánast sama fjölda varppara og vorið 2008, 44 pör nú á móti um 50 pörum 2008 (1. tafla). Eins og vænta má eru endur og vaðfuglar áberandi sem varpfuglar við Hundatjörn í Naustaflóa, enda geta þessir fuglar fengið næga fæðu fyrir sig og ungana á svæðinu. Hettumáfar hafa orpið lengi við Hundatjörn og eru þeir um helmingur allra varpfuglanna. Líklegt má telja að tegundum varpfugla geti fjölgað við Hundatjörn ef vatn helst stöðugt í flóanum. Sem dæmi má nefna álft, en álftarpar hélt til á tjörninni í nokkra daga fyrir varptíma í lok apríl og fram í byrjun maí (STh dagbók).

TEGUND	2008	2009
Grágæs	1	0
Rauðhöfðaönd	3	0
Urtönd	2	2
Stökkönd	4	3
Rjúpa	2	1
Heiðlóa	0	1
Hrossagaukur	~4	7
Jaðrakan	1-2	3
Spói	0	1
Stelkur	2	4
Óðinshani	0	1
Hettumáfur	30	21
Þúfutittlingur	2	0
ALLS:	~50	44

1. tafla. Varpfuglar við Hundatjörn í Naustaflóa 2008 og 2009

6 HEIMILDIR

- Sverrir Thorstensen. Óbirtar dagbókarfærslur um fugla við Hundatjörn 28.04.2009.
- Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2008a. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2008. Umhverfisnefnd Akureyrar. 6 bls.
- Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2008b. Fuglalíf Krossanesborga sumarið 2008. Umhverfisnefnd Akureyrar. 21 bls. + 7 kort.
- Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1993. Hettumáfsvörp í Eyjafirði 1990. Bliki 13, 45-59.